

2

8. gr.

4. jan. Reikningsár sjóðsins skal vera almannaksárið og skulu endurskoðendur sjóðsins vera hinir sömu og Zontaklúbbs Akureyrar. Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem bókaðar eru allar ákvarðanir sjóðstjórnar og annað varðandi sjóðinn, meðal annars reikningar hans.

9. gr.

Leggist Zontaklúbbur Akureyrar niður skal Nonnasafn á Akureyri taka við varðveizlu sjóðsins. Markmiði sjóðsins má ekki breyta.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessarar.

Akureyri, 12. júní 1958.

Ólafía Þorvaldsdóttir. Þórhildur Steingrímsdóttir.  
Gerða Stefánsdóttir.

Stjórnartíðindi 1960, B. 2.

3 **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um breytingu**  
8. febr. **á prestskallaskipun í Skagafjarðarprófastsdæmi.**

Með vísun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 14. f. m., varðandi framkvæmd ákvæðis 1. gr. XVIII 92., 93. og 96. tölul. laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla, varðandi breytingar á skiptingu sókna milli prestakalla í Skagafjarðarprófastsdæmi þannig að Reynistaðasókn falli til Glaumbæjarprestakalls en Rípur-sókn til Sauðárkróksprestakalls, staðfestir ráðuneytið hér með, að það fellst á að framangreindar breytingar komi nú þegar til framkvæmda.

4 **Staðfesting forseta á skipulagsskrá fyrir Byggingarsjóð Húsmæðraskóla á**  
12. jan. **Akranesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. janúar 1960.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Byggingarsjóð Húsmæðraskóla á Akranesi.

1. gr.

Sjóður þessi var upphaflega stofnaður með gjöf hjónanna Ingunnar Sveinsdóttur og Haralds Böðvarssonar, að upphæð kr. 10000.00 og að fimm árum liðnum bættu hjónin við upphæðina kr. 5000.00. Afhentu þau Kvenfélagi Akurnesinga til geymslu og ávöxtunar. Á næstu árum vann kvenfélagið að því að auka sjóð þennan með því að efna til happdrættis, halda skemmtisamkomur o. fl. til ágóða fyrir hann.